

LOOPIT

Leiðbeiningar

Leikmenn:

Fyrir 2-4 leikmenn 7 ára og eldri.

Spilið gengur út á:

Að safna eins mörgum stigum og hægt er með því að leggja niður plöturnar og halda áfram með þráðinn sem þegar hefur verið gerður.

Innihald:

81 spilaplata, 1 poki, 4 spilarekkar, 1 spilaborð, stigablöð og leikreglur.

Undirbúningur:

Spilaborðið er sett á mitt borðið. Hver leikmaður fær spilarekka. Spilaplöturnar eru geymdar í pokanum. Hver leikmaður dregur 5 spilaplötur úr pokanum og setur þær á spilarekkan.

Hvernig á að spila:

Ein spilaplata “byrjunar spilaplata” er dregin úr pokanum og sett á miðjureitinn á spilaborðinu og verður að snúa rétt. Ath. spilaplöturnar eru framleiddar þannig að þær passa bara á einn veg á spilaborðið. Yngsti eða elsti leikmaðurinn byrjar. Leikið er réttisælis og hver leikmaður reynir að setja 3 spilaplötur á spilaborðið til að reyna að tengja spilaplöturnar við þær sem eru þegar á borðinu.

Eftir að hver leikmaður er búinn eru stigin skráð, og næsti leikmaður byrjar.

Reglur um spilaplötur, “sjá myndir”.

1. Spilaplötur verða að tengjast með línu við aðra spilaplötu á spilaborðinu að minnsta kosti á einum stað (sjá mynd 1) og má ekki loka línu (sjá mynd 2).
2. Allar spilaplötu verða að liggja í sömu lestrarlínu á spilaborðinu
3. Hver leikmaður getur einungis sett niður þrjár spilaplötur í hverri umferð.
4. Ef leikmaður getur ekki sett niður þrjár spilaplötur, getur hann valið um að setja niður 1 eða 2 spilaplötur. Að sjálfsögðu verður stigaskor hans minna í þeirri umferð. Ef leikmaður getur ekki sett neina spilaplötu á spilaborðið getur hann skilað öllum 5 spilaplötunum í pokan og dregið úr pokanum 5 nýjar í staðinn. Leikmaðurinn tapar þá möguleikum að fá stig í þessari umferð.
5. Þær þrjá spilaplötur sem setja má niður í hverri umferð má setja í röð eða eina og eina á mismunandi staði eða þar sem þær passa.
6. Spilaplötur má ekki setja niður þannig að lína endi á enda spilaborðsins (sjá mynd 3).

Stigagjöf:

1. Stig eru veitt fyrir hverja spilaplötu sem er sett á spilaborðið í samræmi við það sem á spilaplötunni sendur. Og -
2. Viðbótarstig eru veitt fyrir þær spilasplötur sem þú tengist. Og

3. Bónus stig eru veitt fyrir að setja plötur á bónus reiti. Stigin á spilaplötunni eru margfölduð með tölunni á bónus reitnum.

Dæmi:

Dæmið á myndinni er fyrir leikmann sem setur niður þrjár plötur.

Dæmi A: Leikmaður setur niður plötu með tveimur stigum (merkt með rauðri ör), sem tengis við plötu með 7 stigum og fær 9 stig ($2+7=9$)

Dæmi B: Leikmaðurinn fær 12 stig með því að setja plötu með 3 stigum (merkt með grænni ör) við hlið á plötum með 4 og 5 stigum. ($3+4+5=12$)

Dæmi C: Leikmaður setur á bónusreit og fær $2x$ töluna á sinni plötu sem er 2 ($2x2=4$) (sjá bláu örina) síðan fær hann 3 stig fyrir að tengjast plötunni sem gefur 3 stig. Leikmaðurinn fær ekki 5 stig þar sem platan fyrir ofan tengist ekki saman með línu. ($2x2=4+3$ samtals 7)

Samtals stig eru $9+12+7 = 28$ stig. Stigin eru færð á nafn leikmannsins á stigablaðinu.

Leikslök:

Leiknum lýkur þegar leikmenn geta ekki sett niður fleiri plötur eða allar plöturnar hafa verið notaðar.

Sigurvegari:

Sá leikmaður sem fær flest stig.

Byrja aftur:

Setjið allar plöturnar í pokan og byrjið aftur.

Mismunandi spilamöguleikar:

Í þessum valmöguleikum er fjöldi umferða ákveðin fyrirfram.

Fyrir 4 leikmenn: Ákveðnar eru 7 umferðir og leikið eftir leikreglum hér að ofan.

Fyrir 3 leikmenn: Dragið 2 plötur úr pokanum og setjið þær til hliðar. Ákveðnar eru 9 umferðir.

Fyrir 2 Leikmenn: Dragið 4 plötur úr pokanum og setjið þær til hliðar. Ákveðnar eru 13 umferðir.

Góða skemmtun.

Nordic Games 01.2009